



REGLUGERÐ

Um heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd ÍHÍ veitir viðurkenningar til þeirra sem leikið hafa með landsliðum Íslands í íshokki og þeirra sem unnið hafa að framgangi íshokkíþróttarinnar á Íslandi. Einnig mun nefndin tilnefnda einstaklinga í Heiðursstúku ÍHÍ.

1. gr.

Heiðurmerkjanefnd ÍHÍ starfar samkvæmt lögum ÍHÍ. Nefndin skal skipuð a.m.k. 3 einstaklingum sem stjórn ÍHÍ tilnefnir.

2. gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en eigi síðar en mánuð fyrir íshokkíþing eða formannafund. Formaður ÍHÍ boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa ÍHÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og stjórnar ÍHÍ.

3. gr

Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar ÍHÍ um veitingu Heiðursmerkja og sæti í Heiðursstúku á vegum ÍHÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar, Heiðursmerki og Heiðursstúku, á vegum ÍHÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

4. gr

Stjórn ÍHÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglugerð þessari.

Samþykkt á Íshokkíþingi Íslands, 13. maí 2023.